

2.fundur í velferðarnefnd haldinn í Þórsveri á Þórshöfn fimmtudaginn 26.janúar 2017.

Mætt voru: Jón Gunnþórsson, Vala Friðriksdóttir, Sólveig Sveinbjörnsdóttir og Halldóra Friðbergisdóttir sem ritaði fundargerð

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Dagskrá:

1.Hlutverk nefndarinnar - framhald umræðna frá síðasta fundi
Erindisbréfið rætt lítillega

2.Forvarnaráætlun - framhald umræðna frá síðasta fundi

Velferðarnefnd samþykkir forvarnaráætlun Langanesbyggðar en leggur mikla áherslu á að ráðinn verði starfsmaður til að sjá um þessi mál til að framfylgja stefnunni.

Elías kom inná fundinn.

3. Drög að samningi um samvinnu sveitarfélaga á sviði sálfræðipjónustu leik-og grunnskóla og velferðarpjónustu

Samningurinn ræddur, fram komu nokkrar athugasemdir sem Elías tók niður en annars samþykkir nefndin þennan samning fyrir sitt leyti.

4. Drög að reglum Langanesbyggðar (Norðurþings) um sérstakan húsnæðisstuðning

Nefndin fór yfir reglurnar ræddi þær og finnst mjög jákvætt að Langanesbyggð taki upp sömu reglur og Norðurþing og að þetta sé inni í þeirri þjónustu sem við fáum frá Norðurþingi.

5.Önnur mál

Engin önnur mál og fundi slitið kl.16:00